

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 2. september 2021 eftirfarandi:

Blikanes 22, breyting á deiliskipulagi Arnarness.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits vegna viðbyggingar við suðausturhlið hússins.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 7. október 2021 eftirfarandi:

Blikanes 6, breyting á deiliskipulagi Arnarness.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits á baklóð.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi þann 22. nóvember 2021 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Lyngholt 1 og 3, óveruleg breyting á deiliskipulagi Breiðumýrar og norðanverðs Sviðholts.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir tilfærslu á lóðarmörkum um 90 cm til norðurs þannig að lóð nr. 1 stækkar um 27 m² en lóð nr. 3 minnkar sem því nemur.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 6. desember 2021.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. desember 2021